# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um útgáfu á 2. flokki húsbréfa 1993 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild, nr. 348/1993.**

1. gr.

2. málsl. 1. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:
Samanlögð fjárhæð húsbréfa í 2. flokki 1993 skal vera að hámarki 2.400 milljónir.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1993.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

27. október 1993 Nr. 442

# AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. Að Lokinhamrar verði aðalbraut.
2. Að einstefna verði á Skaftahlíð vestan Stakkahlíðar.
3. Að einstefna verði á Tjarnargötu frá Skothúsvegi að innakstri í bílastæði Ráðhúss.

Ákvörðun þessi tekur gildi 5. nóvember 1993.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 27. október 1993.*

F.h. Böðvars Bragasonar
**Sturla Þórðarson.**

Steindórsprent Gutenberg hf.